

93 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna ríkis-
31. ágúst prentsmiðjunnar „Gutenberg“, útgefin á venjulegan háti að mandatum af dóms-
og kirkjumálaráðherra 31. ágúst 1936. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna Ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður starfsmanna Ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með framlagi í skuldabréfum frá Prentsmiðjunni Gutenberg hf. samkvæmt samþykkt lögmaets fundar 23. júlí 1929. Skuldabréf þessi hafa nú verið seld, og nemur andvirði þeirra samtals kr. 18000,00.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg hefir lagt í sjóðinn árlega 1% af framleiðsluvinnu prentsmiðjunnar, og nemur sú upphæð nú að meðtöldum vöxtum kr. 12892,26.

Tekjur sjóðsins verða því vextir af fé þessu og árlegt framlag Ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja starfsfólk Ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg, þegar það verður að láta af störfum fyrir elli sakir eða örorku.

Séu ástæður fyrir hendi og stjórn sjóðsins álitur það fært, er einnig heimilt að styrkja ekkjur starfsmanna, sem eiga að sjá fyrir börnum innan 15 ára aldurs.

4. gr.

Af því fé sjóðsins, er getur í 2. gr., samtals kr. 30892,26, skal leggja í sérstakan sjóð $\frac{1}{4}$ hluta, kr. 7723,06, og myndar sú fjárhæð höfuðstól Lífeyrissjóðsins. Leggja skal árlega við sjóð þenna vöxtu af fé þessu og auk þess $\frac{1}{5}$ hluta af framlagi Ríkisprentsmiðjunnar. Höfuðstól þenna má aldrei skerða, meðan sjóðurinn er starfandi, og heldur eigi nota vöxtu hans, fyrr en hann er orðinn kr. 30000,00, en þá má nota til árlegra útgjalda $\frac{1}{3}$ hluta vaxtanna, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 40000,00; þá má taka af vöxtunum helminginn, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 50000,00, og síðan $\frac{2}{3}$ hluta vaxtanna, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 100000,00; úr því má taka af vöxtunum $\frac{3}{4}$ hluta.

Sjóð þenna skal ávaxta í ríkistryggðum verðbréfum, að svo miklu leyti sem hægt er.

Hinum hluta fjárins, kr. 23169,20, vöxtum af fé þessu og $\frac{4}{5}$ hlutum af fram-

lagi Ríkisprentsmiðjunnar ásamt vöxtum höfuðstóls, er að því kemur, að þá 93
megi nota, skal verja samkvæmt tilgangi sjóðsins (sjá 3. gr.). 31. ágúst

Fé þetta skal geyma á vöxtum í banka með ríkisábyrgð.

5. gr.

Styrkþegi úr Lífeyrissjóði getur hver orðið, sem starfað hefir í Prentsmiðjunni Gutenberg hf. og Ríkisprentsmiðjunni Gutenberg minnst 25 ár, þegar hann er 65 ára að aldri. — Yngri menn geta því aðeins notið styrks, að þeir verði að láta af störfum fyrir örorku sakir.

Ekkjur starfsmanna geta því aðeins komið til greina, að maður þeirra hafi unnið í „Gutenberg“ sem fullgildur starfsmaður samfleytt 10 ár og verið það, er hann lézt eða varð að láta af störfum vegna sjúkleika þess, er dró hann til dauða.

Umsóknir um styrk úr Lífeyrissjóði skulu stilaðar til sjóðsstjórnarinnar; rannsakar hún, hvort skilyrði fyrir styrkveitingum samkvæmt 3. gr. og 1.—2. málsg. þessarar greinar séu fyrir hendi, og ákveður síðan upphæð styrksins í samráði við forstjóra Ríkisprentsmiðjunnar.

6. gr.

Enginn getur notið hærri styrks úr Lífeyrissjóði en kr. 2000,00 á ári.

7. gr.

Komist sjóðurinn í fjárþröng, þannig að af óbundnu fé hans verði eigi sómasamlega fullnægt tilgangi sjóðsins samkvæmt 3. gr., skulu starfsmenn prentsmiðjunnar og Ríkisprentsmiðjan sjá fyrir nægilegu fé, að helmingi hvor aðili.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, formaður, ritari, gjaldkeri, kosnir til eins árs í senn á aðalfundi Starfsmannafélags Ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg. Kjör gjaldkera skal bundið samþykki stjórnar Ríkisprentsmiðjunnar. Þá skal og kjósa 3 menn í varastjórn.

Stjórnin annast fjárreiður sjóðsins og semur ársreikning fyrir 1. febrúar ár hvert.

Reikninga sjóðsins skal endurskoða af endurskoðanda eða endurskoðendum Ríkisprentsmiðjunnar og 1 manni, kjörnum af Starfsmannafélaginu á aðalfundi til 1 árs í senn.

Reikninga sjóðsins og yfirlit um framkvæmdir stjórnar hans skal birta á aðalfundi Starfsmannafélagsins. Þá skulu þeir og bornir undir atkvæði til samþykkis.

Reikningsár sjóðsins er almanaksár.

9. gr.

Stjórn Lífeyrissjóðs heldur fundi, þegar þörf krefur. Formaður kallar saman stjórnarfundi og stýrir þeim.

93 Stjórnin heldur gerðabók yfir störf sín. Í hana skal ritari skrá skýrslu um
31. ágúst það, sem gerist á stjórnarfundum, tillögur og niðurstöðu hvers máls. Stjórnin undirritar bókunina að afloknum hverjum fundi.

Ákvarðanir um styrkveitingar skal forstjóri Ríkisprentsmiðjunnar undirrita ásamt stjórninni, og skulu endurskoðendur eiga aðgang að gerðabókinni.

Gjaldkeri sjóðsins varðveitir eignir hans og annast færslu sjóðbókar.

Endurskoðendur skulu með áritun á reikning sjóðsins votta, að verðbréf sjóðsins hafi verið skoðuð, og láta uppi álit sitt á þeim og ennfremur, hvort þeir telji fé sjóðsins vera ávaxtað á tryggilegan hátt.

10. gr.

Fari svo, að Ríkisprentsmiðjan Gutenberg hætti störfum, skal eignum sjóðsins, ef eigi næst samkomulag um áframhaldandi starfsemi, skipt milli starfsmanna prentsmiðjunnar í réttu hlutfalli við starfstíma þeirra.

11. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

94

1. sept.

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð í Dalasýslu frá 11. apríl 1929.

1. gr.

Aftan við 5. tölulið í 2. gr. bætist nýr töluliður, er verði 6. töluliður, svo hljóðandi:

Laugavegur, frá Þjóðvegi að Laugum í Hvammssveit.

2. gr.

6. töluliður 2. gr. verði 7. liður.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Dalasýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102, 19. júní 1933, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 15. september 1936.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. september 1936.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.